



Leik Fyrirkomulag

Í hverri umferð er leikinn 1 fjórmenningur og tveir tvímenningar með forgjöf. Karlar leika á gulum teig og konur á rauðum, 70 ára og eldri spila á rauðum teig og drengir 14 ára og yngri (árið).

Hver leikur gefur eitt stig. Ef leikir í riðlakeppninni eru jafnir eftir 18 holur skal leik hætt og hvort liðið fær hálf stig.

Í útsláttarkeppni skal leika alla leiki til úrslita. Allir bráðabananar eru leiknir með forgjöf og eiga lið forgjöf á sömu holu og í hefðbundnum leik.

Úrslit í riðlakeppni ráðast af fjölda þeirra stiga sem lið hljóta í keppninni. Verði sveitir jafnar að stigum ræður innbyrðis leikur. Ef enn er jafnt ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röð. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana frá 1. braut um röð. Hvert lið teflir fram einu

fjórmenningssliði. Bráðabani er leikinn með forgjöf.

Búið er að skipuleggja leikvikur fyrir allar umferðir. Nauðsynlegt er að fyrirliðar liðanna staðfesti leiktímann sín á milli.

Umsjónarmenn deildarinnar munu hafa samband við fyrirliða þeirra liða sem ekki hafa lokið sínum leikjum á föstudegi og munu setja leikina á um þá helgi. Ef annað liðið mætir ekki vinnur það lið sem mætir.

Ekki er heimilt að slíta í sundur leiki heldur skal leika alla leiki á sama degi, bæði fjórmenning- og tvímenningsleiki.

Í deildinni er leikin holukeppni með forgjöf. Hámarksleikforgjöf er 24 fyrir karla og 28 fyrir konur.

Í tvímenningsleikjum er forgjöf mismunur á leikforgjöf keppenda.

Dæmi: Leikmaður A fær 12 í vallarforgjöf og leikmaður B fær 16 í vallarforgjöf. Mismunurinn er 4 og fær því leikmaður B forgjöf á 4 erfiðustu holu vallarins.

Í fjórmenningssleikjum er fyrst fundið meðaltal leikforgjafar liðsfélaga. Forgjöf leiksins er síðan fundinút með mismun á meðaltals leikforgjöf liðanna.

Dæmi: Liðsfélagarnir A og B eru með 12 og 10 í vallarforgjöf. Þeir eru því með 11 í meðalvallarforgjöf.

Þeir eru að spila í fjórmenning gegn C og D. C er með 5 í forgjöf og D er með 15. Þeir eru því með 10

í meðalvallarforgjöf. A og B fá því 1 í forgjöf á erfiðustu holu vallarins.

Það er á ábyrgð fyrirliða sigurliðs að úrslitum sé skilað. Úrslitin eru skráð á það tilgert eyðublað sem fæst í afgreiðslunni og síðan skilað í afgreiðsluna eða tekin mynd af eyðublaðinu og sent á skrifstofa@gagolf.is eftir að leikjunum lýkur.